

# Í eina sæng

Fréttabréf sameiningarnefndar

*Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðubreppur,  
Kolbeinsstaðahreppur og Skorradalshreppur*



Borgfirðingabátíð. Tekið í Skallagrímssgarði.

Mynd: Ástbildur Magnúsdóttir.

## Út úr dalnum - yfir ána



Undanfarna mánuði hafa staðið yfir viðræður um sameiningu sveitarfélaga í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar og í kjölfar tillagna landsnefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins bættist Kolbeinsstaðahreppur í hóp þessara sveitarfélaga.

En hver er tilgangur með sameiningu sveitarfélaga? Auðvitað er það þannig að menn greinir á um áherslur í starfi sveitarfélaga en um tvennt þarf ekki að deila. Sveitarfélög hafa lögum samkvæmt skyldur gagnvart íbúum og umhverfi og þeim ber skylda til að búa svo í hagnin að þar sé áhugavert að búa og starfa. Sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem nú eiga í viðræðum eru sammála um að mjög margt bendi til þess að ef þau sameinist þá ræki þau betur þær skyldur sem þau hafa og því sé nauðsynlegt að láta á það reyna hvort íbúarnir séu sama sinnis. Saman mynda sveitarfélögin eitt atvinnu- og þjónustusvæði og uppbygging á einum stað nýtist öðrum. Íbúar sækja vinnu og þjónustu yfir

hreppamörk og í raun er enginn dagsdaglega að velta fyrir sér hvers vegna mörkin eru hér en ekki þar. Íbúarnir gera eðlilega þá sjálfsgöðu kröfu að sveitarfélögin standi við skyldur sínar og að þeir fái þá þjónustu sem þeim ber. Það er ekki alltaf auðvelt að veita þá þjónustu, sérstaklega ekki hjá þeim sveitarfélögum sem ekki geta ráðið til sín sérhæft starfsfólk. Sveitarfélög hafa sýnt það að þau vilja vinna vel þau verk sem þeim eru falin. Enginn velkist í vafa um að þjónusta grunnskólanna hefur batnað, félagsþjónustan er líka vel komin hjá sveitarfélögum og sveitarfélög kalla eftir auknum verkefnum. En til þess að það geti orðið þá verða þau að eflast og styrkjast þannig að þau geti

ráðið til sín fólk til að sinna þessum verkefnum. Það geta fámenn sveitarfélög ekki að óbreyttu.

Á næstu dögum boðar sameiningarnefnd til opinna funda á svæðinu til að kynna niðurstöður úr þeirri hópavinnu sem fram hefur farið og kynnt hefur verið á vefnum [www.sameining.is](http://www.sameining.is) Ég vil nota þetta tækifæri til að skora á sem flesta, ekki síst þá sem hafa efasemdir um ágæti sameiningar, að mæta á þessa fundi og taka þátt í þeirri umræðu sem þar fer fram og hafa með því áhrif á á tillögur sameiningarnefndar.

Upplagt að nýta þetta tækifæri til að bregða sér út úr dalnum og yfir ána og heyra í nágrönnum og félögum.

*Sveinbjörn Eyjólfsson, formaður sameiningarnefndar.*

## Upplýsingar um sveitarfélögin

Sveitarfélögin fimm sem standa að sameiningarnefnd sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar eru Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Skorradalshreppur. Alls búa í þessum sveitarfélögum **3.511 íbúar**. Þeir skiptast þannig á milli núverandi sveitarfélaga:

Borgarbyggð.....	2.593
Borgarfjarðarsveit.....	670
Hvítársíðuhreppur.....	84
Kolbeinsstaðahreppur.....	100
Skorradalshreppur.....	64

Ef umrædd sameining verður samþykkt verður sameinað sveitarfélag alls **5.061 km<sup>2</sup>** að stærð. Skiptingin í dag er:

Borgarbyggð.....	1.837 km <sup>2</sup>
Borgarfjarðarsveit.....	1.268 km <sup>2</sup>
Hvítársíðuhreppur.....	1.408 km <sup>2</sup>
Kolbeinsstaðahreppur.....	340 km <sup>2</sup>
Skorradalshreppur.....	208 km <sup>2</sup>

# Nefndarmenn og starfsmaður

Hvert sveitarfélag á tvo fulltrúa í sameiningarnefndinni. Nefndin er þannig skipuð:

Frá **Borgarbyggð** koma *Helga Halldórsdóttir* forseti bæjarstjórnar og *Þorvaldur T. Jónsson* bæjarfulltrúi. Þá var samþykkt á fyrsta fundi að *Páll S. Brynjarsson* bæjarstjóri myndi starfa náð með nefndinni.

Frá **Borgarfjarðarsveit** koma *Sveinbjörn Eyjólfsson* oddviti og *Linda Björk Pálsdóttir* sveitarstjóri.

Frá **Hvítársíðuhreppi** koma *Ólafur Guðmundsson* oddviti og *Ingibjörg Daniëlsdóttir* hreppnefndarmaður.

Frá **Kolbeinsstaðahreppi** koma *Ólafur Sigvaldason* oddviti og

*Jónas Jóhannesson* hreppnefndarmaður.

Frá **Skorradalshreppi** koma *Davíð Pétursson* oddviti og *Agúst Arnason* hreppnefndarmaður.

Verkefnisstjóri sameiningarnefndar er *Hólmfríður Sveinsdóttir*, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar Viðskiptaháskólans á Bifrost.



Sameiningarnefndin á fundi á Bifröst, október 2004. Mynd: Þorgerður Gumarsd.

## Nánari upplýsingar

Á heimasíðu sameiningarnefndar [www.sameining.is](http://www.sameining.is) er að finna skýrslur vinnuhópanna, RHA og Skrifstofuþjónustu Vesturlands. Þeim sem ekki geta nálgast skýrslurnar á netinu er velkomið að hafa samband við verkefnisstjóra nefndarinnar, Hólmfríði Sveinsdóttur til að fá þær sendar í pósti. Símanúmer hjá Hólmfríði eru 433-3000 og 862-1104. Netfang er [holmfridur@bifrost.is](mailto:holmfridur@bifrost.is).



Líf og fjör í Skorradal.

## Sameining - ekki í fyrsta sinn

Miklar breytingar hafa átt sér stað á sveitarstjórnarstiginu á undanförunum árum sem birtist meðan annars í þeirri staðreynd að sveitarfélögin tekið við auknum verkefnum af hendi ríkisins. Sveitarfélögin eru misvel í stakk búin til að takast á við auknar skyldur og hafa mörg þeirra

brugðið á það ráð að sameinast. Borgfirðingar hafa skynjað þessa þróun og þar hafa mörg sveitarfélög sameinast. Þannig var sveitarfélagið Borgarbyggð áður sjö sveitarfélög (Álftaneshreppur, Borgarhreppur, Borgarnesbær, Hraunhreppur, Norðurárdalshreppur, Stafholtstungna-

hreppur og Þverárhliðarhreppur) og Borgarfjarðarsveit var fjögur sveitarfélög (Andakílsahreppur, Hálsahreppur, Lundarreykjadalshreppur og Reykholtaldalshreppur). Það að enn er rætt um sameiningu hlýtur að staðfesta að vel hafi tekist til með fyrri sameiningar.



Eldborg í Kolbeinsstaðahreppi.



Blöðruselur sem sá tækifæri í sameinuðu sveitarfélagi.



## sameining.is

Á haustdögum var opnuð heimasíða sameiningarnefndarinnar, [www.sameining.is](http://www.sameining.is). Tilgangur með heimasíðunni er að gefa íbúnum kost á að fylgjast með vinnu sameiningarnefndarinnar og hafa áhrif á hana. Þar eru meðal annars birtar fundargerðir og annar fróðleikur sem getur komið þeim íbúum að gagni sem vilja kynna sér kosti og galla sameiningar. Íbúar geta látið í ljós skoðun sína á sameiningarferlinu með því að senda inn pistla eða greinar er varða málið. Þá er vefurinn kjörinn vettvangur til að koma fram með hugmyndir og til að spyrja spurninga sem verður reynt að svara á sama stað.

## Í eina sæng

Sameining sveitarfélaga  
norðan Skarðsheiðar

1. tbl. - janúar 2004

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hólmfríður Sveinsdóttir

Myndir:

Úr safni Skessuhorns  
nema annað sé tekið fram.

Hönnun og umbrot:

Skessuhorn ehf./GBF

Prentun:

Prentverk Akraness

Prentað í 1.500 eintökum og  
dreift á öllum heimili og fyrirtæki í  
sveitarfélögum fimm.



Horft inn Hvítársíðuna.

## Vilji íbúanna

Á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi sl. haust var kynnt rannsókn á viðhorfum íbúa í öllum sveitarfélögum á Vesturlandi til sameiningar sveitarfélaga. Það var Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri sem vann rannsóknina að beiðni SSV.

Í rannsókninni kemur fram ótvíræður vilji íbúa í Borgarbyggð (89%), Borgarfjarðarsveit (88%), Hvítársíðuhreppi (62%) og Skorradalshreppi (60%) til sameiningar. Íbúar Kolbeinsstaðahrepps virðast ekki eins hlynntir sameiningu og er það í samræmi við könnun sem unnin var fyrir hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps. Samkvæmt rannsókn RHA eru 60% íbúa Kolbeinsstaðahrepps andvígir sameiningu en þegar þeir eru spurðir hverjum þeir vildu sameinast kemur til sameiningar engu að síður þá vilja 78% þeirra sameinast Borgarbyggð og 15% nefndu Borgarfjarðarsveit. Nú er bara að bíða og sjá....



Nýtt líf á Hvanneyri.  
Mynd: Auður Arnþórsdóttir.

## Yfirstandandi viðræður

Sameiningarnefnd sveitarfélaga kom saman til fyrsta fundar 13. maí 2003. Þá voru þrjú sveitarfélög, Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit og Hvítársíðuhreppur, sem áttu fulltrúa í nefndinni. Skorradalur kom inn í sameiningarviðræðurnar á fjórða fundi nefndarinnar þann 24. mars 2004 og Kolbeinsstaðahreppur bættist svo í hópinn 13. okt. 2004.

Megin tilgangur með sameiningu er að efla sveitarfélögin sem stjórnsýslustig. Gera þau þannig hæfari til að sinna verkefnum sem nú þegar eru þeim lögboðin og ekki síður til að styrkja þau þannig að þau geti tekið við fleiri verkefnum, sem fram að þessu hafa verið á verkswiði ríkisins. Þetta gerist ekki í óbreyttri mynd því mörg sveitarfélög eru þannig sett að þau ráða vart við þau verkefni sem þeim eru nú þegar falin með lögum.

Jafnframt sýnir reynslan að þjónusta hefur batnað þegar verkefni hafa verið flutt til sveitarfélaganna og íbúunum gefast betri tækifæri til að hafa áhrif á þá þjónustu sem veitt er.

Til að vinna stöðumat og framtíðarsýn í tilteknum málaflokkum var ákveðið að skipa þrjú vinnuhópa. Var það gert í mars 2004. Vinna í hópunum gekk afar vel og skiluðu þeir af sér þann 20. nóvember sl. Boltinn er því nú hjá sameiningarnefndinni sem mun kynna niðurstöður hópanna fyrir íbúum sveitarfélaganna og fá álit þeirra á þeim. Í kjölfarið mun sameiningarnefndin skila sínum tillögum til sveitarstjórnanna sem taka þær til umræðu lögum samkvæmt. Þann 23. apríl næstkomandi gefst svo íbúunum tækifæri til að kjósa um sameiningu sveitarfélaganna fimm.



## Skýrsla um fjármál

Sameiningarnefndin óskaði eftir því við Skrifstofuþjónustu Vesturlands ehf að gera úttekt á fjármálum sveitarfélaganna fimm og draga saman helstu áhrifaþætti sameiningar á fjármál þeirra. Helstu niðurstöður eru að rekstur sveitarfélaganna fimm virðist vera vel viðunandi í samanburði við önnur sveitarfélög. Það gefur nýju sameinuðu sveitarfélagi aukin sóknarfæri, þannig að það fjármagn sem sparast við sameiningu getur nýst til bættrar þjónustu. Skýrsluhöfundar telja jafnframt að sameinað sveitarfélag hafi mikla getu til að auka áhrifamátt sinn í atvinnu- og byggðamálum, sem skiptir miklu máli í þeirri samkeppni sem nú er milli sveitarfélaga um fólk og störf.



Frá fundi sameiningarnefndar með skólastjórum og fræðslunefndum.

Mynd: Sveinbjörn Eyjólfsson.

## Skólaskýrsla RHA

Óhætt er að fullyrða að skólamálin séu ætíð einn viðkvæmasti málaflokkurinn þegar sameina á sveitarfélög. Er það eðlilegt þar sem um er að ræða fjöregg hvers sveitarfélags. Að beiðni sameiningarnefndarinnar vann Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) skýrslu um grunnskólamál hjá sveitarfélögum fimm, stöðumat og framtíðarsýn.

Að gefnu tilefni skal það tekið fram að það eru ekki tillögur sameiningarnefndarinnar. Sameiningarnefndin hefur enn ekki skilað af sér tillögum í neinum málaflokkum og mun ekki gera fyrr en eftir samráðsfundi með íbúunum.

# ÍBÚAFUNDIR

## Sameiningarnefndin

### boðar til þriggja íbúafunda

#### í Lindartungu

þriðjudaginn 18. janúar kl. 20.30

#### í Logalandi

miðvikudaginn 19. janúar kl. 20.30

#### í Alþýðuhúsinu, Borgarnesi

fimmtudaginn 20. janúar kl. 20.30

Íbúar Borgarbyggðar,  
Borgarfjarðarsveitar,  
Hvítársíðuhrepps,  
Kolbeinsstaðahrepps og  
Skorradalshrepps eru hvattir  
til að fjölmenna og koma  
skoðunum sínum á framfæri.



Tilgangur fundanna er að veita íbúunum tækifæri til að ræða kosti og galla sameiningar og koma skoðunum sínum á tillögum vinnuhópanna á framfæri áður en sameiningarnefndin skilar inn tillögum sem kosið verður um í vor.